

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

5. nóvember 2025, Reykjavík
UOS2510077/P.S

Umsögn- Matskyldufyrirspurn- Sundahöfn-Lenging Sundabakka

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreindra matskyldufyrirspurn.

Framkvæmdarlýsing

Umhverfismatsferli vegna landfyllinga og dýpkunar í Sundahöfn lauk í mars 2022 og var þar m.a. gert ráð fyrir lengingu Sunda- og Vogabakka. Hinsvegar með nýjum áformum um Sundabraut, þar sem líklegast er talið að brú yfir Kleppsvík verði fyrir valinu, mun brúin og aðliggjandi vegur þvera Vogabakka og þar með draga úr lengd hans og skerða afkastagetu hafnarinnar. Til þess að bæta upp þá skerðingu áforma Faxaflóahafnir að lengja Sundabakka, (norðan áætlaðrar brúar) um 230 m umfram fyrri áform og myndast við það ný áætlun um 4,9 ha landfylling.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ef um er að ræða opna landfyllingu þarf leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til varps dýpkunarefna í hafið sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004. Opin landfylling er skilgreind sem nýmyndun lands sem er ekki varin, eða aðeins að hluta varin með varnargörðum og efni liggur því að einhverju leyti óvarið fyrir straumum, flæði sjávar og lífverum sbr. [leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis](#).

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að með umsóknum um leyfi tengd framkvæmdinni þarf að fylgja áhrifamat á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar um [mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#) sem eru aðgengilegar á vatn.is. Áhrifamatið þarf einnig að ná til tengdra vatnshlota sem verða fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af framkvæmdinni. Mikilvægt er að ástand vatnshlota hraki ekki við framkvæmdina, enda eru umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Í kafla 3.2. í skýrslu matskyldufyrirspurnarinnar eru taldir upp þeir umhverfisþættir sem mögulega eru taldir geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Umhverfis- og orkustofnun telur að einnig þurfi að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á hafstrauma, vatnaskipti og setflutninga í vatnshlotinu Innri Sund-Elliðaárvogur- Grafarvogur (nr. 104-1303-C). Skoða þyrfti möguleg samlegðaráhrif vegna fyrirhugaðra og samliggjandi framkvæmda vegna byggingu Sundabráar og dýpkun Sundahafnar á þessa umhverfisþætti.

Í kafla 3.6. er fjallað um vatnshlot og kemur fram að framkvæmdin nær til vatnshlotsins Innri Sund-Elliðaárvogur -Grafarvogur (nr. 104-1303-C). Í kaflanum og í fylgiskjali er gerð grein fyrir rannsóknum á ástandi vatnshlotsins og kemur þar fram að líffræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir vatnshlotsins eru metnir í mjög góðu ástandi en hefur, vegna landfyllinga og dýpkana orðið fyrir miklum vatnsformfræðilegum breytingum. Eins og kemur þar fram er í skoðun hjá Umhverfis- og orkustofnun hvort skilgreina eigi vatnshlotið sem „mikið breytt og manngert vatnshlot“. Mat framkvæmdaraðila er að landfyllingin hafi óveruleg áhrif á líf- og efnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins og telur að þar sem þessi landfylling er lítill hluti þeirra landfyllinga sem þegar eru á svæðinu mundi hún ekki hafa úrslitaáhrif á flokkun vatnshlotsins.

Að mati Umhverfis- og orkustofnunar færir framkvæmdaraðili ekki fullnægjandi rök fyrir því að áhrif framkvæmdarinnar á gæðapætti vatnshlotsins séu *óveruleg* og telur stofnunin að gera þurfi m.a. grein fyrir áhrifum landfyllingarinnar á hafstrauma, vatnaskipti og setflutninga og áhrif þess á vatnshlotið áður en unnt er að meta til fulls hvaða áhrif landfyllingin hefur á líffræðilega og efnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins. Stofnunin bendir ennfremur á að þrátt fyrir að umrædd landfylling sé lítill hluti þeirra landfyllinga sem þegar eru til staðar þá þurfi samt að skoða vel hvaða áhrif umrædd landfylling og tengdar áformaðar framkvæmdir geti haft á vatnshlotið miðað við núverandi ástand þess.

Virðingarfyllst,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Sérfræðingur

Gunnar Ólafsson

Sérfræðingur